

# 1 Stjórnskipulag skólans

## 1.1 Stefna skólans

Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur frá 1.-10. bekk og stendur við Öldusel 17 í Reykjavík. Ölduselsskóli tók til starfa haustið 1975 og er einn af grunnskólum Reykjavíkurborgar. Eins og aðrir skólar borgarinnar, heyrir hann undir Skóla- og frístundarsvið og tekur námskrá skólans mið af skólastefnu borgarinnar og framtíðarsýn. Í stefnu og starfsáætlun Skóla og frístundasviðs fyrir árið 2015 er leiðarljós stefnunnar „ að börnum og ungmennum í borginni líð vel, þeim fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf“. Í stefnukorti borgarinnar fyrir Barnið, nemandann, og ungmennið (bls. 5) eru það eftirfarandi þættir sem skólar borgarinnar skulu stefna að fyrir nemendur sína:

**Sterk sjálfsmynd og félagsfærni**  
**Öryggi, heilbrigði og vellíðan**  
**Víðtæk þekking, færni og árangur**  
**Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni**

Stefnukort sviðsins er hið sama og undanfarin ár og endurspeglar þá meginþætti sem stefnt er að til framtíðar. Við gerð starfsáætlunar þarf ávallt að horfa til þessara þátta.

Á starfsárinu 2015-2016 er lögð áhersla á fimm meginumbótaþætti:

- Málproska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmenningu
- Gæði og fagmennsku

Á vef [Reykjavíkurborgar](http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsaetlun_sfs_2015.pdf) má lesa nánar um stefnu borgarinnar, sjá: [http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsaetlun\\_sfs\\_2015.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsaetlun_sfs_2015.pdf)

Einkunnarorð Ölduselsskóla eru *færni, virðing og metnaður*, þar sem lagt er upp með að starfsmenn og nemendur leitist við að sýna metnað í starfi og geri kröfur til sjálfra sín, leitist við að bæta færni sína á sem flestum sviðum og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu, þannig að allir geti gengið glaðir til verka.

Skólinn státar af öflugri kennslu í bóklegum og verklegum greinum. Vinna í skólanum byggir á mikilli samvinnu kennara með það að markmiði að halda úti öflugum skólustarfi án aðgreiningar. Þá starfar skólinn eftir eineltisáætlun Olweusar (Sjá tengilinn [Olweus-eineltisáætlun](#) Ölduselsskóla. Undanfarin ár hefur verið reynt að auka samstarf milli bekkja með teymiskennslu í árgangi þar sem litið er á árganginn sem heild og kennarar árgangsins skipta nemendum í mismunandi hópa eftir því hvaða viðfangsefni verið er að fást við. Með slíkri kennslu er auðveldara að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og samskipti þeirra styrkjast. Samvinna kennara eflir færni þeirra til kennslu, auk þess að veita þeim bæði stuðning og aðhald.


Skólastarfinu er skipt í tvær annir haustönn og vorönn. Í lok hverrar annar fá nemendur vitnisburð. Í lok haustannar á foreldradegi eru nemendur og forráðamenn boðaðir á fund kennara til að líta sameiginlega yfir gengi nemandans og leggja grunnin að markmiðum fyrir næstu önn.

Frá því Ölduselsskóli hóf störf hafa ýmsar hefðir skapast sem eru orðnar fastir liðir í skólastarfinu en stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær samhliða nýbreytnistarfi með það að leiðarljósi að styrkja nemendur í námi og þroska.

Við Ölduselsskóla starfa kennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar og aðrir starfsmenn sem sinna ýmsum störfum í tengslum við skólahaldið. Einnig eru starfandi við skólann skrifstofustjóri, ritari, fjármálastjóri, umsjónarmaður fasteignar, deildarstjóri sérkennslu, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Lögum samkvæmt starfar skólaráð við skólann og er hluti af stjórnkerfi hans.



## 1.2 Skipurit og stjórnkerfi



## 1.3 Stjórnendateymi

Stjórnendateymi skólans samanstendur af eftirfarandi aðilum:

Skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, umsjónarmanni fasteignar, skrifstofustjóra, deildarstjóra sérkennslu og verkefnastjóra stigs unglिंगadeildar.

Stjórnendateymi fundar vikulega þar sem farið er yfir málefni líðandi stundar hverju sinni.

Skólastjóri:	Börkur Vígbórsson	<a href="mailto:borkur.vigthorsson@reykjavik.is">borkur.vigthorsson@reykjavik.is</a>
Aðstoðarskólastjóri:	Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir	<a href="mailto:adalheidur.d.hjalmarsdottir@reykjavik.is">adalheidur.d.hjalmarsdottir@reykjavik.is</a>
Umsjónarm. fasteignar:	Linda Rós Guðmundsdóttir	<a href="mailto:linda.ros.gudmundsdottir@reykjavik.is">linda.ros.gudmundsdottir@reykjavik.is</a>
Deildarstjóri sérkennslu:	Una Jóhannesdóttir	<a href="mailto:una.johannesdottir@reykjavik.is">una.johannesdottir@reykjavik.is</a>
Skrifstofustjóri:	Kristjana Vilhelmsdóttir	<a href="mailto:kristjana.vilhelmsdottir@reykjavik.is">kristjana.vilhelmsdottir@reykjavik.is</a>
Verkefnastjóri unglिंगad.:	Margrét Sigfúsdóttir	<a href="mailto:margret.sigfusdottir@reykjavik.is">margret.sigfusdottir@reykjavik.is</a>

## 1.4 Skólaráð

### 1.4.1 Kynning, lög og starfsreglur

Eins og kemur fram í [8. gr.laga](#) um grunnskóla nr. 91/2008, segir að við hvern grunnskóla skal starfa Skólaráð:

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

#### 1.4.2 Skólaráð hlutverk

Hlutverk skólaráðs er að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda

#### 1.4.3 Nöfn, netföng aðila skólaráðs

Í skólaráði Ölduselsskóla veturinn 2014-2015 sátu eftirfarandi fulltrúar

Skólastjóri:	Börkur Vígþórsson	<a href="mailto:borkur.vigthorsson@reykjavik.is">borkur.vigthorsson@reykjavik.is</a>
Aðstoðarskólastjóri:	Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir.	<a href="mailto:adalheidur.d.hjalmarsdottir@reykjavik.is">adalheidur.d.hjalmarsdottir@reykjavik.is</a>
Fulltrúi kennara	Auður Elín Ögmundsdóttir	<a href="mailto:audur.elin.ogmundsdottir@reykjavik.is">audur.elin.ogmundsdottir@reykjavik.is</a> .
Fulltrúi kennara	Eygló Guðmundsdóttir	<a href="mailto:eyglo.gudmundsdottir@reykjavik.is">eyglo.gudmundsdottir@reykjavik.is</a>
Fulltrúi. starfsm.	Málfríður Jóhannesdóttir	<a href="mailto:Malfridur.Johannsdottir@reykjavik.is">Malfridur.Johannsdottir@reykjavik.is</a>
Fulltrúi foreldra	Hafdís Hansdóttir	<a href="mailto:Hafdis68@gmail.com">Hafdis68@gmail.com</a>
Fulltrúi foreldra	Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir	<a href="mailto:ingibjorghrund@gmail.com">ingibjorghrund@gmail.com</a>
Fulltrúi nemenda	Þorsteinn Óli Hannesson	<a href="mailto:thorsteinn.oli.hannesson@grunnskolar.is">thorsteinn.oli.hannesson@grunnskolar.is</a>
Fulltrúi nemenda	Alexandra Guðmundsdóttir	<a href="mailto:alexandra.gudmundsdottir@grunnskolar.is">alexandra.gudmundsdottir@grunnskolar.is</a>
Fulltrúi grenndarsamf.	Ólafur Jóhann Borgþórsson	<a href="mailto:olafur.johann.borgthorsson@kirkjan.is">olafur.johann.borgthorsson@kirkjan.is</a>

#### 1.4.4 Verkefnaskrá

## STARFSÁÆTLUN SKÓLARÁÐS ÖLDUSELSSKÓLA 2015 – DRÖG

Hlutverk skólaráðs er að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

14. október

Starfsáætlun skólaráðs,  
Starfsáætlun skólaársins 2015-16

11. nóvember	Sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs
9. desember	Lóðaframkvæmdir, niðurstöður samræmdra prófa o.fl.
13. janúar	Rekstrarniðurstaða 2015 o.fl.
febrúar	Opinn fundur skólaráðs
9. mars	Skóladagatal 2016-2017 - fyrstu drög
13. apríl	Skóladagatal og starfsáætlun 2016-17
11.mái	Næsta skólaár skipulag og horfur

Skólaráð fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði á starfstíma skóla. Fundirnir eru að jafnaði haldnir



annan miðvikudag í mánuði kl. 8:10.

Áætlun um fundartíma og meginverkefni hvers fundar - getur tekið breytingum